

242. fundur

stjórnar LSS haldinn mánudaginn 14. 12 2015 kl. 09:30-12:00
á skrifstofu LSS Brautarholti 30, 105 Reykjavík.

Mættir: SBB,FH,KG,SLS,NP,BV.

1. **Fundargerð síðasta fundar**

Sp.

2. **Inntaka nýrra félaga**

Engar umsóknir.

3. **Starf milli funda**

Frankvæmdastjórinn fór á fund í Grindavík með bæjarstjóra, slökkviliðsstjóra og launafulltrúa. Rætt var um að slökkviliðsmenn í Grindavík þáðu laun samkvæmt kjarasamningi LSS og sveitarfélaganna og ættu þ.a.l. að greiða samningsréttargjald eða félagsgjöld til LSS. Ákveðið að LSS fundi með slökkviliðsmönnum í janúar.

4. **Styrktarsjóður**

LSS tekur sjóðinn yfir frá BSRB um áramótin. Þar sem sjóðurinn byrjar á núlli þá geta orðið tafir á greiðslum til félagsmanna í upphafi nýs árs.

5. **Starfsmenntunarsjóður**

Farið yfir drög að reglugerðarbreytingum frá sjóðsstjórn – hafnað.
Stjórn vinnur áfram með tillögur að breytingum í tölvupóstum.

6. **Mál hjá Lögfræðing**

Tillaga lögfræðinganna að uppgjöri á frítökurétti verður kynntur félagsmönnum hjá SHS á miðvikudag.

Málflutningi í máli LSS gegn Fjarðabyggð, vegna krafna um rétt laun fyrir hlutastarfandi sjúkraflutningamenn sem átti að taka fyrir 8. Desember, var frestað vegna óveðurs.

Málið gegn Snæfellsbæ, vegna vanefnda í bakvaktargreiðslum, verður tekið fyrir 21. janúar.

7. **Fagdeild. Sjúkraflutningar**

Umræður um fyrirkomulag námsins í framtíðinni. Stjórnin er sammála um að gefa ekki afslátt af námi. Fundað var með Landlækni um stöðu sjúkraflutninga.

Ákveðið að stofna verkefnahóp til að endurskrifa verkferlana.

8. **Fagdeild Slökkviliðsmanna**

Umræður um menntunarmál þ.m.t. tillögur um breytingar á námskeiðum.

Í umræðunni er að gera slökkviliðsnámið einingabært og í samvinnu við

Verkmenntunarskólann á Akureyri.

Klára þarf hringferð LSS í janúar.

9. **Fagdeild Slökkviliðstjóra**

10. **Samningar SNS, SNR og LSS**

Samningaviðræður við ríkið eru í gangi og samningsdrög eru komin fram.

Ekkert er að gerast hjá sveitarfélagunum varðandi samningaviðræður við LSS, eða ð afgreiða óleystar bókanir frá síðasta samningi. Ákveðið að vísa kjaraviðræðunum við

SNS til rikissáttasemjara.

11. **Önnur mál:**

a) **Erindisbréf** farið yfir tillögu að erindisbréfi fyrir Íþróttanefnd.

- b) **Heimasíða** Ákv. að framkvæmdastjóri ráðfæri sig við ráðgjafa varðandi þarfalýsingu og fá tilboð í nýja heimasíðu, með sérstökum tengingum fyrir Starfsmenntunarsjóð og Sjúkrasjóð.
- c) **Fundur erlendis EFFUA**. Upplýst um mál sem tekin voru fyrir á fundinum. Framtíðarsýn samtakanna. Önnur landsamtök eru að velta því fyrir sér að koma í samtökin.